

Re: Beiðni um umsögn - Eldisstöð laxfiska í landi, Vestmannaeyjum

Búið til	23.7.2021 10:21:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.7.2021 10:21:13
Tilheyrir	202107-0013 - Eldisstöð laxfiska í landi, Vestmannaeyjum

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Eldisstöð laxfiska í landi, Vestmannaeyjum

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	23.7.2021 10:21:13	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0013 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 8. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir framkvæmd á nýrri eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur hana vera ítarlega og vandaða og gerir hún grein fyrir öllum helstu efnisatriðum er málið varðar. Náttúrufræðistofnun hefur einungis örfáar athugasemdir sem eru eftirfarandi:

Framkvæmdasvæðið er að nær öllum hluta á röskuðu svæði þar sem efnistaka hefur verið stunduð um nokkurt skeið úr eldhrauni sem rann til sjávar í gosinu 1973. Þess vegna er svæðið umkringgt afar merkilegum jarðfræðiminjum sem hafa hátt verndargildi, og þar sem finnst landslag sem er að mörgu leiti einstakt héraendis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Svæðið er enda allt á náttúruminjaskrá. Þó svæðið sé raskað þá er efnistaka að mörgu leiti mun minna inngrip hvað varðar ákveðna náttúrufræðisþætti eins og ásýnd, landslag, útivistargildi og jafnvel fuglalíf heldur en stórfelld uppbygging mannvirkja líkt og fylgir áætluðu fiskeldi. Möguleikar til endurheimtar afturkræfar röskunar t.d. á gróðri og dýralífi er einnig meiri á efnistökusvæði en á uppbyggingarsvæði. Taka þarf tillit til þessa eðlismunar á verðandi notkun svæðisins þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum og þeirri breytingu sem verður á umhverfinu.

Uppbygging sjálfrar eldisstöðvarinnar er ólíkleg til að valda raski á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Hins vegar er greint frá því í matsáætlun að þörf sé að breyta Eldfellsvegi til að hann liggji ekki í gegnum áætlað athafnasvæði fiskeldisins. Allar slíkar breytingar eru líklegar til að valda einhverju raski á hrauninu. Mikilvægt er að fjallað sé eins ítarlega og hægt er um þessar vegabreytingar og umhverfisáhrif þeirra í frummatsskýrslunni og stillt upp valkostum.

Mikilvægt er að fyrir liggji útfærðar hugmyndir um förgun úrgangs í frummatsskýrslu.

Greinargóð umfjöllun er um þá umhverfisþætti sem áætlað er að fjalla um í umhverfismatinu og hefur Náttúrufræðistofnun ekkert út á það að setja.

Afar áriðandi er að viðtakatjörn sé vöktuð vandlega og bæði lífríki hennar og möguleg áhrif á nálægt lífríki t.d. í fjörum vaktað og brugðist við ef frávik verða frá hreinsun fráveitunnar. Æskilegt er að skilgreindar séu vöktunar- og viðbragðsaðgerðir í frummatsskýrslunni varðandi viðtakatjörnina.

Jákvætt er að fylgst verði með áhrifum á fuglalíf sér í lagi lundapysjur. Lundi er metinn sem tegund í bráðri hættu á valista Náttúrufræðistofnunar. Í Vestmannaeyjum eru stærstu lundavörp landsins og því mikilvægt að fylgst sé með og dregið sé úr mögulegum neikvæðum áhrifum ljósmengunar á lundapysjur. Skynsamlegt væri að vakta einnig annað fuglalíf reglulega á svæðinu því eins og kemur fram í matsáætluninni getur fiskeldi laðað að fuglalíf, einkum máfa en einnig aðrar tegundir. Gæta skal þess að aðgerðir sem miðast að því að fæla burt fugla valdi þeim ekki skaða.

Ekki er stefnt að því að fjalla um eftirfarandi umhverfisþætti í umhverfismatinu: gróðurfar, fornleifar, jarðmyndanir, vatnsverndarsvæði og náttúru- og hverfisverndarsvæði. Rétt er að lítill gróður er á svæðinu en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er það einkum mosahraunavist þar sem gróður er að finna innan framkvæmdasvæðis. Mosahraunavist er metin með miðlungsverndargildi, þannig að það er ekki rétt sem kemur fram í töflu 3.2. að verndargildi vistgerða á svæðinu sé „ekki neitt“. Að því sögðu er tæplega þörf að meta áhrif á gróðurfar innan framkvæmdasvæðis þar sem það er mikið raskað.

Varðandi jarðmyndanir og náttúru- og hverfisverndarsvæði telur Náttúrufræðistofnun að ástæða sé til að leggja mat á áhrif á þessa þætti í umhverfismatinu. Verndargildi eldhraunsins sem umlykur framkvæmdasvæðið er það hátt að full ástæða er til að leggja mat á hvort einhverjir áhrifaþættir geti haft áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið þannig að hraunið verði fyrir áhrifum. Þá er ljóst að afleiddir þættir eins og möguleg tilfærsla á Eldfellsvegi og aukin umferð þungaflutninga geti aukið hættuna á að hrauni verði raskað. Náttúru- og hverfisverndarsvæðin verða ekki fyrir beinu raski vegna uppbyggingar en framkvæmda- og athafnasvæðið verður þétt upp við þessi svæði, sérstaklega tvö þeirra sem liggja alveg upp að mörkum þess, og full ástæða til að meta hvort áhrif frá framkvæmdum eða starfsemi hafi áhrif inn á þessi svæði með einhverjum hætti.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jón Smári Jónsson - SLS" <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
To: "postur@vestmannaeyjar.is" <postur@vestmannaeyjar.is>; "HSL" <hsl@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Matvælastofnun MAST" <mast@mast.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
CC: "Sigrún Guðmundsdóttir - HSL" <sigrun@hsl.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Subject: Beiðni um umsögn - Eldisstöð laxfiska í landi, Vestmannaeyjum
Date: 8.7.2021 14:52:22

Góðan dag,

Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 8. júlí 2021, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort umsagnaraðili geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 26. júlí 2021 og einnig á tölvupóstföngin skipulag@skipulag.is og jon.smari.jonsson@skipulag.is

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Viðhengi

image001.jpg (9 KB)

image002.png (5 KB)